

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir,

GJALDSKRÁ**fyrir sorphirðu á Dalvík árið 1994.**

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbæjar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir í þéttbýli		sorphirðugjald	kr.	5 000
B)	Fyrirtæki				
	Flokkur 1	sorphreinsigjald	kr. 250 000 og sorpeyðingargjald	kr.	100 000
	.. 2	"	" 100 000 og "	"	80 000
	.. 3		sorphirðugjald	kr.	60 000
	.. 4		"	"	40 000
	.. 5		"	"	20 000
	.. 6		"	"	10 000
	.. 7		"	"	5 000
C)	Íbúðir í dreifbýli og sumarhús		sorphirðugjald	"	5 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Fyrirtækjum í 1. og 2. flokki er heimilt að sjá um flutning á sorpi sínu sjálf á urðunarstað gegn því að leggja fram fullnægjandi göng um þann flutning. Bæjarráð Dalvíkur getur þá fellt niður sorphreinsigjald þessara fyrirtækja.

Fyrirtækjum í flokkum 3 - 7 er heimilt að nota gámasvæði bæjarins og verður álagt gjald þeirra ekki fellt niður.

Hvað förgun á timbri, brotajárni og öðrum úrgangi varðar skal leita umsagnar verkstjóra Dalvíkurbæjar hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík	Sorphirðugjald	kr.	6 600
Sveitabýli eða sveitaheimili	Sorpeyðingargjald	“	3 300

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru á heimili.

Fyrirtæki flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr.	3 300
“ 2	“	“	6 600
“ 3	“	“	20 000
“ 4	“	“	40 000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfissráðuneytið, 10. febrúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.